

Reglugerð um Íslandsmót STÍ

1. gr.

Íslandsmót í skotíþróttum eftirtalinna greina sem stundaðar eru á vegum STÍ skal halda ár hvert. . Þau eru ekki haldin nema að keppendafjöldi við upphaf móts sé a.m.k. 6 manns og frá minnst 2 aðildarfélögum STÍ.

- a) 50 m Riffill 60 skot liggjandi 60PR ISSF.
- b) Frjáls skammbýssa FP ISSF.
- c) Gróf skammbýssa (center fire) CFP ISSF.
- d) Stöðluð skammbýssa (standard pistol) STP ISSF
- e) Loftskammbýssa AP60 ISSF
- f) Haglabýssa, skeet SK125/SK75 ISSF
- g) Sportskammbýssa SP60 ISSF
- i) Loftriffill AR60 ISSF
- j) 50m Riffill Þrístaða 3x20 skot 3P ISSF
- k) Aðrar greinar skv. ákvörðun stjórnar STÍ.

2. gr.

Þáttökurétt á Íslandsmótum hafa aðeins félagar innan aðildarfélaga STÍ.

3. gr.

Keppt skal samkvæmt reglum STÍ og viðkomandi alþjóðasambanda. Sjá móta og keppnisreglur STÍ. Veita má undanþágu til keppni innanhúss þar sem það á við.

4. gr.

Sigurvegari hlýtur titilinn Íslandsmeistari í viðkomandi skotgrein.

5. gr.

Samhliða Íslandsmóti fer einnig fram Íslandsmót í flokkum skv. flokkareglum STÍ. Sigurvegarar í flokkum hljóta titilinn Íslandsmeistari í viðkomandi flokki.

6. gr.

Að öðru leyti gilda reglur um landsmót.